

Reykjavík, 12.04.2019 Kl.17:00

44. Lyftingaþing Lyftingasambands Íslands
Í húsnæði Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands
íþróttamiðstöðinni Laugardal

Engjavegi 6, 104 Reykjavík



1. Þingsetning

Ásgeir Bjarnasson varaformaður LSÍ setur þingið, löglega var boðað til þingsins með löglegum fyrir vara, engin mótmæli voru fyrir því og er 44. Lyftingaþing formlega sett.

2. Kosin kjörbréfanefnd 3ja manna.

Tillögur að Hrönn Svansdóttir, Sigmundur Davíðsson, Magnús Þórðarson fari fyrir kjörbréfanefnd – Tillaga samþykkt

3. Kosning fyrsta og annars þingforseta og tveggja þingritar

Sigríður Jónsdóttir, varaforseti ÍSÍ, er kosin þingforseti þingsins og tekur við stjórn.

Tillögur að Lína Viðarsdóttir taki að sér hlutverk þingritara – Tillaga samþykkt

4. Kosnar nefndir þingsins

Þingforseti leggur til að aekki sé kosið í nefndir að þessu sinni og að þingið starfi í einni málstofu og fá samþykktir úr sal við ákveðin atriði.

5. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína

- a. Formaður: Ingi Gunnar Ólafsson
- b. Varaformaður: Ásgeir Bjarnason
- c. Gjaldkeri: Katrín Erla Bergsveinsdóttir
- d. Ritari: Lína Viðarsdóttir
- e. Meðstjórnandi: Eyþór Einarsson
- f. Varastjórn: Andri Gunnarsson, María Rún Þorsteinsdóttir, Árni Freyr Bjarnason, Jens Andri Fylkisson
- g. Framkvæmdarstjóri: Hjördís Ósk Óskarsdóttir

Ásgeir Bjarnason varaformaður LSÍ fer yfir liðið ár. Sjá fylgigögn ársskýrsla 2018.

Ákveðnar breytingar verða á stjórn LSÍ á þessu ári. Ásgeir Bjarnason stígur til hliðar sem varaformaður en býður sig fram sem gjaldkera í stjórn fyrir næsta ár. Úr stjórn fara einnig Katrín Erla Bergsveinsdóttir, Lína Viðarsdóttir og Eyþór Einarsson. Úr varastjórn fara María Rún Þorsteinsdóttir, Andri Gunnarsson, Árni Freyr Bjarnason og Jens Andri Fylkisson. Hjördís Ósk Óskarsdóttir, framkvæmdastjóri LSÍ, hefur einnig sagt starfi sínu lausu og hættir um mánaðamótin apríl, maí.

Varaformaður gaf skýrslu og fór yfir ýmsa tölfræði sambandsins. Meðal annars mótahald hérlendis og erlendis.

Alls kepptu 107 manns á árinu 2018, það er fækkun um 28% frá fyrra ári, 43 karlar og 64 konur. Þessi fækkun er að öllum líkindum til komin vegna þess að færri mót voru haldin á höfuðborgarsvæðinu þetta árið heldur en fyrri ár. En það skýrist af því bæði Smáþjóðleika og Norðurlandamót fullorðinna voru haldin á Íslandi á árinu sem tók tíma frá LSÍ og rúm í mótadagsskránni. Enn er unga fólkið okkar að sanna sig og ríflega helmingur (53%) keppenda árið 2018 var undir tvítugu eða 57, 24 piltar og 33 stúlkur.

Eins og fyrr segir voru tvö erlend mót haldin hér heima á árinu, Smáþjóðleikar í Strandgötu Hafnarfirði og Norðurlandamót í Hveragerði. Bæði mótin þóttu takast með ágætum og það er ánægjulegt að sjá stórmót eins og Norðurlandamót haldið hér á landi.

Níu landsliðsverkefni voru á árinu. Það er gaman að sjá gróskuna hjá öldungum sambandsins en í ár áttum við keppendur bæði á EM (1) og HM (4) masters. Þrír íslenskir keppendur, Þuríður Erla, Ragnheiður Sara og Einar Ingi tóku þátt á HM fullorðinna sem er fyrsta mótið sem telur til þáttöku á Ólympíuleikunum. Þuríður Erla hlaut einmitt á árinu styrk frá Ólympíusamhjálpinni sem nýta skal í undirbúningi fyrir Ólympíuleikana í Tókýó 2020.

Ásgeir kom einnig inn á gróskuna í unglingsstarfi LSÍ. Haldnar hafa verið (næstum) mánaðalegar æfingabúðir síðan í maí 2018. Þessar æfingabúðir eru hugsaðar fyrir unglinga sem stefna á keppnir erlendis. Ísland átti 15 keppendur á Norðurlandamóti unglinga í október, sem er mesti fjöldi keppenda sem sendur hefur verið á Norðurlandamót.

Ásgeir fór einnig lauslega yfir heimsóknir á heimasíðu LSÍ, sem hefur fækkað eitthvað milli ára. En tilkynningar, auglýsingar um mót og árangur, hafa verið að færast í auknum mæli á samfélagsmiðlana, Facebook og Instagram.

6. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða ársreikninga sambandsins til samþykktar

Framkvæmdsastjóri LSÍ, Hjördís Ósk, leggur fram reikninga sambandsins til samþykktar, í stað gjaldkera.

Rekstrartekjur: 16.258.033 kr

Rekstrargjöld: 17.347.678 kr

Tap tímabilsins eftir fjármagnsliði: 1.089.055 kr

Eigið fé og skuldir: 4.271.816 kr

Sjá fylgiskjöl rekstrarreikningar

Árið 2018 voru mikið af stórum landsliðsverkefnum og þeim fylgir töluverður kostnaður. Sambandið keypti einnig nýtt keppnissett. Hagnaður við stórmótin tvö sem haldin voru á árinu var ekki eins mikill og gert var ráð fyrir.

Tekið er fram að ekki náðist að undirrita ársreikninginn fyrir þingið. En þar sem ekki er ágreiningur um reikningana er lagt til að ársreikningurinn verði samþykktur með fyrirvara um undirskrift og að reikningurinn verði lagður fram á næsta formannafundi og samþykktur þar.

7. Stjórn leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár

Fjárhagsáætlun næsta árs hefur verið unnin af formanni LSÍ. En vegna veðurs sat Ingi Gunnar fastur í flugvél í Keflavík meðan þingið stóð yfir og því lá fjárhagsáætlun næsta árs ekki fyrir. Lögð er því fram tillaga að vísa þessu máli til nýrrar stjórnar, ný stjórn skuli leggja fram fjárhagsáætlun og senda hana út til félaganna ekki seinna en 1. september 2019.

8. Lagðar fram laga- og leikreglnabreytingar þær, sem fram hafa komið.

Tvær laga- og leikreglnabreytingar eru lagaðar fram.

Breyting á 18.gr. Þátttökuréttur og skráning móta.

Öll mót sem gilda til íslandsmeta eru opin skráðum félagsmönnum LSÍ, undantekning á þessu eru RIG leikarnir sem halndir eru ár hvert og er boðsmót þar sem bestu lyftingakonum og körlum er boðin þátttaka útfrá Sinclair stigatöflu síðustu tveggja ára.

Félög geta sjálf ákveðið hvort innanfélagsmót þeirra séu opin aðilum úr öðrum félögum eða einungis þeirra eigin félagsmönnum.

Lagt er til að bætt sé við: Skráning keppenda á mót innanlands skal alfarið fara í gegnum lyftingafélögin. Keppendur greina sínu félagi frá ef þeir hyggist keppa á móti. Formaður félagsins eða staðgengill sér þá um að skrá alla keppendur í einu á mótið. Fjöldi keppenda virkjar síðan 20.gr mótareglna.

Tillaga að nýrri reglu sem viðauka við 20.gr í mótareglum.

20.1 gr. Starfsmenn RIG

Við mótahald Reykjavíkurleikana (Reykjavík International Games – RIG) skal hvert lyftingafélag á höfuðborgarsvæðinu og nágrenni senda að minnsta kosti 4 starfsmenn til að aðstoða við mótahald, t.d. í uppsetningu og/eða frágang, að frátöldum dómurum.

9. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnarinnar, svo og önnur mál er þingið vill ræða.

Enginn önnur mál hafa borist.

Kjörbréfanefnd líkur störfum. Mættir eru eftirfarandi fulltrúar:

Árman – 3

LFH – 3

LFR – 4

LFG – 3

Alls eru því 13 fulltrúar tilnefndir. Kjörbréf samþykkt

ÞINGHLÉ

10. Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðsla um þær.

a. Fjárlaganefnd.

Reikningar, samþykktir með fyrirvara um undirskrift og að

reikingurinn verði lagður fram á næsta formannafundi og samþykktur þar.

Fjárhagsáætlun 2018, samþykkt að vísa þessu til nýrrar stjórnar sem skuli leggja fram fjárhagsáætlun og senda hana út til félaganna ekki seinna en 1. september 2019.

b. Laganefnd.

Allar tillögur sem lagðar fyrir voru samþykktar með handauppréttingu, sjá tillögur að ofan.

11. Kosning stjórnar, varastjórnar, skoðunarmanna og fulltrúa á Íþróttáþing.

- a. Formaður.
 - i. Ingi Gunnar Ólfasson
- b. 1-2 úr fráfaramandi stjórn.
 - i. Ásgeir Bjarnason
- c. 2-3 meðstjórnendur.
 - i. Erna Héðinsdóttir, Davíð Ólafur Davíðsson og Magnús B. Þórðarson
- d. 4 varamenn.
 - i. Margrét Benediktsdóttir, Sigurður Darri Rafnsson, Marianna Ástmarsdóttir og Árni Rúnar Baldusson
- e. 2 skoðunarmenn,
 - i. Theódór Pálmason og Vilhelm Patric Berhöft
- f. Fulltrúi Íþróttáþing.
 - i. Tillaga að vísa þessu til nýrrar stjórnar – samþykkt

12. Kosinn formaður tækninefndar:

- a. Erna Héðinsdóttir
 - i. Samþykkt

13. Önnur mál.

- a. Ásgeir Bjarnason minntist á að klára þurfi afreksstefnuna og setja hana inn á heimasíðuna
- b. Erna Héðinsdóttir ræddi dómaramál. Það hefur verið erfitt að fá dómara til að dæma á mótum. Hún leggur til að búið verði til svokallað „B-landsdómarapróf“ að danskri fyrirmynd hér á landi. Hugmyndin er að fá Tinu frá Danmörku til að vera með dómarnámskeið og próf í júní. Þetta yrði þá aðeins léttara námsefni, einungis það efni sem kemur að því að dæma mót og setu á ritaraborði. Hugmyndin er að reyna að virkja keppendur (unga sem aldna) til að sitja námskeiðið. Lagt er til að prófa þetta núna í ár og ef vel til tekst að fá samþykkt á þingi á næsta ári, og setja jafnvel inn í mótareglur.

14. Þingfundargerðir lesnar og staðfestar.

- a. Óskað eftir að þingritari gangi frá þingfundargerð og sendi stjórn til samþykktar

15. Þingslit.

- a. Þingforseti gefur nýjum formanni orðið og þakkar þingmönnum fyrir þingið.

- b. Varaformaður lokar þinginu og þakkar fyrir traustið og þakkar þeim sem gáfu kost á sér í nýja stjórn fyrir sem og þakkar þeim sem fara úr stjórn.

Fyrir hönd LSÍ og þingritari þingsins

Lína Viðarsdóttir